Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Umsóknarferli um sértækan stuðning í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum

Leiðarljós frístundastarfs er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Í frístundastarfi er leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni hvers og eins til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Þjónustu við börn og unglinga sem þurfa sértækan stuðning vegna félagslega-, og/eða umönnunarþarfa er skipulögð á hverri starfseiningu fyrir sig í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila er tengjast viðkomandi.

Forstöðumaður fær grunnvitneskju um stuðningsþörf í gegnum foreldra. Upplýsingar geta einnig fengist frá leikskólum, grunnskólum og/eða Þjónustumiðstöð. Forstöðumaður vinnur einstaklingsáætlun í samstarfi við foreldra. Foreldrar eru leiðandi í markmiðasetningu í samstarfi við forstöðumann. Markmið einstaklingsáætlana skal alltaf taka mið af markmiðum frístundastarfs.



Mikilvægt er að forstöðumaður vinni einstaklingsáætlun í samráði við ráðgjafarþroskaþjálfa og beri hana undir samstarfsfólk. Að því loknu er hún send til undirritunar og samþykkis til foreldra og yfirmanns.

Einstaklingsáætlun er send til þekkingarmiðstöðvar frístundahluta SFS til afgreiðslu. Þekkingarmiðstöð fer yfir allar umsóknir sem berast og metur þörf fyrir sértækan stuðning á hverri starfsstöð fyrir sig. Stuðningsþörf er metin út frá m.a. þjónustuþörfum barna/unglinga, fjölda barna/unglinga, samsetningu hóps, húsnæði, reynslu starfsmanna og öðru sem málið varðar. Yfirmenn forstöðumanna fá niðurstöður á úthlutun fyrir sína/sínar starfsstöð/var.
Yfirmenn forstöðumanna geta óskað eftir endurmati á stuðningsúthlutun á hverri starfsstöð sbr. leiðbeiningar þar um.

Einstaklingsáætlanir og markmið skulu endurnýjuð amk tvisvar á ári. Allur stuðningur er endurmetinn um hver áramót.